

18. mars 2021

Atvinnuvegaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Upplýsingar á umbúðum matvæla skipta neytendum miklu máli þegar kemur að heilsu þeirra og öryggi sem og möguleikum á upplýstu vali tengt þáttum eins og uppruna. Þær skipta framleiðendum ekki síður máli, enda skilvirk leið til að koma mikilvægum upplýsingum um matvælin til neytenda og með því tryggja sem besta upplifun og traust.

Sú tæknipróun sem vitnað er til í reglugerðardrögunum er jákvæð, bæði fyrir framleiðendum og neytendum, meðal annars vegna þess að hún gefur framleiðendum kost á að veita neytendum viðbótar upplýsingar við þær lögbundnu, þ.m.t. upplýsingar sem bálkakeðjur og gagnalaugar geta dregið úr ólíkum kerfum í gegnum alla virðis_keðjuna.

Dæmi um það er hvort lambakjöt sé af hrút eða gimbur, hvort lambið gekk á fjalli eða í fjöru, frá hvaða býli lambið er, hve gamalt það var þegar því var slátrað, hve lengi kjötið fékk að hanga, hvert sýrustigs kjötsins var eftir slátrun o.s.frv.

En að leggja það til að lögbundnar grunnupplýsingar, eins og næringargildi, innihaldslýsing, ofnæmisvaldar, varúðarmerkingar, best fyrir dagsetning, upprunaland, ábyrgðaraðili og aðrar slíkar upplýsingar sem krafist er að séu á umbúðum forpakkaðra matvæla¹, megi eingöngu vera rafrænar er ekki aðeins fráleitt á þessum tímapunkti, heldur telja samtökin afar ólíklegt að þessi breyting standist Evrópulög, hvað þá að Ísland geti upp á sitt einsdæmi tekið svo veigamikla ákvörðun um grundvallarbreytingar á rétti neytenda til upplýsinga.

Það skýtur skökku við að stjórnvöld telji sig þess megnug, á sama tíma og eftirlitsstofnanir segja ítrekað við smáframleiðendur matvæla á lögbýlum, í borg og bæjum hér á landi að allt milli himins og jarðar sé bannað vegna ESB reglna og ekkert sé við því að gera – jafnvel þó dæmin sýni að slíkt þyki sjálfsagt í löndum sambandsins – að ákveða einhliða að fara gegn löggjöf ESB á þennan hátt.

Neytendur eru rétt að byrja að kynnast þessari nýju tækni og lítið farnir að nýta sér hana. Áður en svona breyting er lögð til þarf hún að vera komin í almenna notkun og komin reynsla á notkun hennar og eftirlit með henni. Eins þyrfti að liggja fyrir viðhorfskönnun meðal neytenda, þar sem þeir eru spurðir út í þeirra viðhorf til þess að geta einungis nálgast þessar upplýsingar með því að taka

¹ Í reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda nr. 1294/2014 sem í drögunum er verið að leggja til breytingar á

upp snjallsímann sinn, opna tilheyrandi smáforrit, skanna vöruna og lesa það sem kemur upp á skjáinn, eða fara með hana að þar til gerðum skanna, hafi þeir ekki snjallsíma eða treysti sér ekki til að nota hann á þennan hátt - jafnvel mörgum sinnum í sömu verslunarferð. Eins þarf að vera skýrt hvort neytendur muni þurfa að greiða fyrir þau forrit sem geri þeim þetta kleift.

Líkur eru til þess að þetta valdi því að neytendur hafi ekki þær upplýsingar sem mikilvægt er fyrir þá að hafa þegar þeir velja og nota matvæli, þar sem þeir hafi ekki tíma, þekkingu eða nennu til að leggja þetta auka skref á sig - eða ef tæknin virkar ekki af einhverjum ástæðum.

Sama má segja um gagnalaugina sem upplýsingarnar eiga að koma úr. Aðilar á markaði hér á landi - innflytjendur, heildsalar, smásalar og innlendir framleiðendur - eru rétt að byrja að nota Gagnalaug GS1 á Íslandi sem er grundvöllurinn fyrir því að þetta sé hægt og enn fjölmargir sem eru ekki orðnir aðilar að henni. Nýting bálkakeðjutækninnar er komin enn skemur á veg.

Þar sem engar vísbendingar eru um að ESB ætli sér að fara þessa leið á næstunni, yrði þetta til þess að neytendur hér á landi hefðu síður aðgengilegar upplýsingar um innfluttar vörur en aðrir neytendur innan EES, þar sem markmiðið er fyrst og fremst að draga úr þeim viðskiptahindrunum sem koma frá því að þurfa að endurmerkja innfluttar vörur sem eru ekki merktar á þann hátt sem krafist er í reglugerð, þ.m.t. eru á tungumáli sem fáir Íslendingar skilja.

Það er ekki í þágu íslenskra smáframleiðenda matvæla að draga úr upplýsingagjöf til neytenda á umbúðum sem er aðgengileg þeim á skjótan og einfaldan hátt. Alvarlegt væri ef þessi breyting leiddi til þess að innlendir framleiðendur myndu draga úr upplýsingagjöf á umbúðum, þrátt fyrir að ofangreindar viðskiptahindranir (endurmerking) séu ekki vandamál fyrir þá.

Þetta gæti leitt til þess að framleiðendur myndu velja að setja á umbúðir upplýsingar sem auka möguleika á sölu, en hafa þær sem draga úr möguleika á sölu rafrænar, þar sem mun ólíklegra sé að neytendur skoði þær. Slíkt myndi draga úr trausti milli neytenda og framleiðenda sem er andstætt hagsmunum íslenskra smáframleiðenda matvæla og úr jafnræði milli framleiðenda á markaði, þ.e. þeirra sem hafa metnað fyrir því að gefa neytendum sem bestar upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og þeirra sem velja að hafa ákveðnar upplýsingar ekki á umbúðunum sjálfum.

Undanfarið hefur mikil áhersla verið lögð á bættar merkingar matvæla og aðgengi neytenda að upplýsingum um matvæli. Samtök smáframleiðenda matvæla styðja þá áherslu og leggjast því alfarið gegn reglugerðarbreytingunni á þessum tímamarki.

f.h. Samtaka smáframleiðenda matvæla

Þórhildur M. Jónsdóttir
Formaður

Oddný Anna Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri